FJÁRMÁLAVIT

Að setja sér markmið.

Fjármálafræðsla fyrir nemendur í 10. bekk.

Fjármálavit er námsefni um grunnþætti fjármála á vegum Samtaka fjármálafyrirtækja, þróað í samvinnu við kennara og kennaranema. Námsefnið er ætlað kennurum og öðrum þeim sem fræða nemendur um grunnþætti fjármála og nefnast hér eftir leiðbeinendur.

Á næstu blaðsíðum er handrit að kennsluferli verkefnis um mikilvægi þess að setja sér markmið og spara. Uppistaða verkefnisins er hópavinna þar sem gerð er fjárhagsáætlun fyrir ímyndaðan einstakling.

Handritið leiðir leiðbeinandann skref fyrir skref í gegnum kennsluna.

Að setja sér markmið

Markmið

Að fá nemendur til að hugsa um eigin fjármál, setja sér markmið til skemmri eða lengri tíma og gera áætlun til að ná þeim.

Lýsing

Lengd kennslunnar er um 80 mínútur. Ráðlagt er að nýta tvær samliggjandi kennslustundir því betra er að hafa meiri tíma en minni og gefa nemendum þann tíma sem þeir þurfa.

***Einnig er hægt er að láta nemendur vinna verkefnin heima og nota kennslustund í kynningar og umræður.**

Kennsluferlið skiptist í grófum dráttum þrjá hluta og er tíminn sem áætlaður er í hvern þeirra aðeins til viðmiðunar, en miðað er við 5 hópa og að í hverjum hópi séu 4 - 5 nemendur. Ef hóparnir verða fleiri má búast við lengri tíma.

1. **Spjall við nemendur og myndband**, 5 -10 mínútur
2. **Verkefni**, 35 – 40 mínútur
3. **Kynningar og umræður,** 15 – 20 mínútur

Undirbúningur og hjálpargögn

- Tölva með hátalara, skjávarpi og nettenging.
- Tússpenni, skæri, límstifti og reiknivél fyrir hvern hóp.
- A3 eða A2 pappírsörk á hvern hóp, jafnvel í lit til að gera þetta skemmtilegt.
- Verkefnablað fyrir hvern hóp, gott er að sem flestir í hópnum fái eintak.
- Fylgiskjal með óvæntum uppákomum sem leiðbeinandi klippir út í minni miða. Verkefnablað og fylgiskjal með óvæntum uppákomum eru á Fjármálavits/námsefni.

Framkvæmd

Í byrjun opnar leiðbeinandi forsíðu Fjármálavits og skiptir nemendum í hópa. Hver hópur fær strax A3 eða A2 örk, límstifti, skæri, reiknivél og góðan tússpenna. Verkefnablað fá hóparnir síðar þegar kemur að sjálfu verkefninu. Leiðbeinandi segir nemendum hvað fram undan er í kennslustundinni og að viðfangsefni hennar sé að setja sér markmið og skipuleggja fjármálin út frá þeim.

1. Spjall, 5 – 10 mínútur

Dæmi um spjall og spurningar til nemenda:

- *„Ef þið fengjuð allt í einu 10 milljónir upp í hendurnar núna, hvað mynduð þið gera?“*

  Fróðlegt er að heyra mismunandi viðbrögð nemenda við þessari spurningu. Sumir myndu eyða öllu strax, aðrir myndu skipta upphæðinni í sparnað og eyðslu og enn aðrir myndu setja allt í sparnað.

- *„Flest setjum við okkur markmið í lífinu, hvort sem er í íþróttum, námi eða öðrum tómstundum og leggjum hart að okkur til að ná þeim. Það er ekki síður mikilvægt að setja sér markmið tengd framtíðaráformum og skipuleggja fjármálin út frá þeim.“*
- *„Eigið þið ykkur einhver markmið/drauma?“*

  Hér er tilvalið að fá hendur á loft og leyfa nemendum að segja frá hver markmið þeirra eru. Hægt er að benda þeim að sama hver markmið þeirra eru, þá hafa þau flest á endanum eitthvað með ákvarðanir um fjármál að gera.

- *„Er einhver sem ætlar að kaupa sér t.d. bíl þegar hann fær bílpróf? Hvað með heimsreisu eða nám? Hvað haldið þið að bíll eða heimsreisa kosti?*

  Gott er að fá þau til að hugsa stutt um þetta þar sem þau koma til með að þurfa að skoða það í verkefninu síðar.

- *„Eruð þið farin að hugsa um framtíðarsparnað? Eruð þið byrjuð að spara?“*

- *Eruð þið að vinna með skóla? Skoðið þið launaseðilinn? Skiljið þið allt sem á honum stendur? Hvað gerið þið við launin ykkar?*
  Þau eru mörg hver að vinna með skóla og því ágætt að spyrja hvað þau geri við launin sín og hvetja þau til að skoða launaseðilinn með foreldrum eða forráðamönnum.

- *„Hvað haldið þið að þið séuð að eyða miklu í skyndibita/mat og annað á viku? Vitið þið t.d. hvað 2000 kr. eyðsla á viku er á ári? En 5000 kr. á viku?“*

Hér koma oft fram ýmsar vangaveltur um hvað þau eyða og getur verið gott að setja það í samhengi við sparnað.

- 2000 kr. á viku verða 104.000 kr. eftir 1 ár og 1.040.000 kr. eftir 10 ár.
- 500 kr. á dag verða 182.000kr. eftir 1 ár og 1.820.000 kr. eftir 10 ár.
- 5000 kr. á viku verða 260.000 kr. eftir 1 ár og 2.600.000 kr. eftir 10 ár.
  Þá eru ótaldir vextir.

- „*Hvort er skynsamlegra að eiga fyrir hlutunum eða taka lán fyrir þeim? “*
  Hér getur verið fínt að taka dæmi og sýna þeim muninn á því að taka lán eða spara fyrir einhverju sem þau langar í. Hér snýst þetta um að þau átti sig á kostnaði og öðrum gjöldum sem fylgja lántöku.

2. Verkefni, 35 – 40 mínútur

Nemendur vinna saman í 4 - 5 manna hópum. Tímarammi þessa handrits miðast við 5 hópa. Ef þeir eru fleiri þá þarf að gefa kynningum hópanna lengri tíma, eða halda fjölda hópa og hafa aðeins fleiri í hverjum hópi.

Verkefnið gengur út á að hver hópur útbýr fjárhagsáætlun fyrir ímyndaðan einstakling sem er að stíga sín fyrstu skref sem sjálfstæður neytandi í íslensku samfélagi. Hver hópur fær verkefnablað með lýsingu á sínum einstaklingi. Þar eru upplýsingar um laun, fastan kostnað í hverjum mánuði, áhugamál og markmið og er ágætt að láta alla í hópnum hafa eintak til að virkja alla í hópnum.

Áður en leiðbeinandi dreifir verkefnablöðum til hópanna segir hann í stuttu máli frá hvernig verkefnið gengur fyrir sig. Hann leggur áherslu á að einstaklingurinn sem hver hópur fær eigi sér markmið og að hlutverk hópsins sé að finna leiðir til að hjálpa einstaklingnum að ná því markmiði. Hverjum hópi er úthlutað markmið. Hópurinn þarf að finna út hvenær og hvernig einstaklingurinn getur náð markmiðinu og styðst þá við spurningar á verkefnablaðinu.

Það er um að gera að hvetja hópana til að fara út fyrir rammann og gera hvað sem þeir vilja með sinn einstakling. Þeir mega ákveða hvað sem er fyrir hans hönd svo framarlega sem það er raunhæft. Einnig er gott að hvetja þá til að nýta sér upplýsingar á netinu til að fá verðhugmyndir.

Hóparnir þurfa að vita í upphafi að fljótlega eftir að þeir eru byrjaðir á verkefninu fá þeir óvænta uppákomu sem mun hafa áhrif á fjárhagsáætlun þeirra. Einnig er gott að undirbúa hópana undir það að þurfa að kynna niðurstöður sínar fyrir hinum.

Leiðbeinandi getur valið um að láta alla hópana hafa mismunandi persónur eða nota tvær eða bara eina til að fleiri hópar séu með sömu persónuna og geti borið saman mismunandi niðurstöður um hana. Leiðbeinandi dreifir einu markmiði á hvern hóp eða leifir þeim að draga markmið.

Hver hópur er með eina A3 eða A2 pappírsörk fyrir fjárhagsáætlunina, klippir út mynd af einstaklingnum ásamt upplýsingum og límir á örkina (sjá sýnishorn hér aftar).

Mikilvægt er að nemendur hafi aðgang að neti, hvort sem það er í gegnum síma, spjaldtölvu eða tölvu, til að leita sér heimilda. Einnig er hægt að finna á vef velferðarráðuneytisins upplýsingar um neysluviðmið.

Ef nemendur eru í vafa um hvernig þeir eiga að gera fjárhagsáætlun getur verið ágætt að benda þeim á að fyrst eigi að taka saman tekjur einstaklingsins og draga frá fastan kostnað. Síðan þurfi að gera ráð fyrir kostnaði við matarinnkaup og aðrar nauðsynjar. Eftir stendur afgangur sem nemendur láta einstaklinginn ráðstafa í áhugamál, sparnað og annað tilfallandi.

Hóparnir þurfa að ákveða og meta sjálfir hvað það kostar að lifa.

Fljótlega eftir að verkefnavinnan er hafin dreifir leiðbeinandi einum miða á hóp með óvæntri fjárhagslegri uppákomu (óvæntar uppákomur eru aftast í heftinu). Gaman er að leyfa þeim að draga miða.

Það er mjög gott að ganga á milli hópanna og hjálpa þeim af stað með hugmyndir um hvernig hægt er að lifa spart. Leiðbeinandi þarf að vera vakandi yfir tímanum og hvetja nemendur áfram svo þeir lendi ekki í tímaþröng. Fínt er að láta hópana vita þegar um 10 mínútur eru eftir af verkefnavinnunni.

Fróðlegt getur verið að heyra mismunandi útgáfur af því hvað hóparnir láta einstaklinginn eyða miklu í mat og nauðsynjar. Einnig hvernig þeir bregðast við hinu óvænta á miðanum.

Lokaútkoman á að vera snyrtileg A3 eða A2 pappírsörk hjá hverjum hópi með mynd af einstaklingnum og fjárhagsáætlun hans.

Á vefsíðu Fjármálavits, fjarmalavit/namsefni eru glærur með dæmum um fjárhagsáætlun og er ágætt að hafa það uppi á skjánum fyrir nemendur á meðan á verkefnavinnunni stendur.

Það eru engar tvær fjárhagsáætlanir eins og engin ein rétt lausn.

3. Kynningar og umræður, 15 – 20 mínútur

Hver og einn hópur kynnir niðurstöðu sína. Það hefur gefist vel að leyfa þeim að standa upp og kynna fyrir framan hina.

Ef tími gefst getur leiðbeinandi lokað kennslustundinni með því að sýna nemendum myndband að eigin vali og hvatt nemendur til að horfa á fleiri myndbönd á vefsíðu Fjármálavits.

* Dæmi um úrlausnir verkefni:







Verkefni - sparnaðaráætlun

Nafn:

Aldur: 16 ára.

Skóli:

Vinna með skóla:

Laun, eftir skatt:

Fastur kostnaður á mánuði:

- Áskrift í ræktina: 6.800 kr.

Markmið: _____

Strákurinn ykkar er í 10. bekk, æfir handbolta fimm sinnum í viku og fer einnig reglulega í ræktina. Hann vinnur meðfram skólanum til að geta notið lífsins og fær sér t.d. oft skyndibita með félögunum eftir æfingu og stekkur oft út í búð á skólatíma til að kaupa sér eitthvað gott. Hann flutti nýlega úr sínu gamla hverfi og þarf því að ferðast mikið með strætó. Foreldrar hans greiða æfingagjöldin fyrir handboltanum en sjálfur greiðir hann fyrir strætókort þar sem hann neitaði að fara í skóla í nýja hverfinu.

Hann hefur sett sér markmið sem hann þarf að safna fyrir, en það er erfitt að safna peningum þegar freistingarnar eru víða. Til að ná markmiðinu þarf hann að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði. Hann á 200.000 kr. inn á framtíðarreikningi sem eru lausar til úttektar þegar hann verður 18 ára.

Klippið út rammann hér til hliðar og límið á stóru örkina.
Ákveðið nafn á strákinn ykkar, í hvaða skóla hann er og hvar hann vinnur.
Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hann vill safna.
Stillið upp sparnaðaráætlun á örkina sem hann getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hann þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hann á mikið eftir mánaðarlega þegar hann hefur greitt fastan kostnað.
- Hvað hann eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Að ein strætóferð kostar 165 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 22.600 kr.
- Hversu mikið hann getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði/ár þar til markmiðinu er náð.

1. **Hvað tekur það hann marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?**
2. **Þarf hann að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu?**
   Ef svo er, hverju breytir hann?

Verkefni - sparnaðaráætlun

Nafn:

Aldur: 17 ára.

Skóli:

Vinna með skóla:

Laun, eftir skatt:

Fastur kostnaður á mánuði:

- Tryggingar á bíl: 10.000 kr.

Markmið: _____

Stelpan ykkar er á öðru ári í framhaldsskóla og býr í Breiðholti. Hún á gamlan smábíl sem hún fékk frá foreldrum sinum á 17 ára afmælinu og greiðir sjálf fyrir bílatryggingu og bensín. Henni finnst dálítið dýrt að reka bílinn auk þess sem hún óttast að billinn fari bráðlega að bila og að þá eigi hún ekki fyrir viðgerð. Hún æfir badminton 4 sinnum í viku sem foreldrar hennar greiða fyrir. Hún fer í keppnisferðir einu sinni á ári sem hún borgar sjálf. Henni finnst fátt skemmtilegra en að kaupa föt.

Hún hefur sett sér markmið sem hún þarf að safna fyrir. Til að ná því ætlar hún að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði þar til markmiði er náð.

Klippið út rammann hér til hliðar og límið á stóru örkina.
Ákveðið nafn á stelpuna ykkar, í hvaða skóla hún er og hvar hún vinnur.
Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hún vill safna.
Stillið upp sparnaðaráætlun á örkina sem hún getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hún þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hún á mikið eftir þegar hún hefur greitt fastan kostnað.
- Hversu miklu hún eyðir í mat, bensín og aðrar nauðsynjar.
- Að ein strætóferð kostar 165 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 22.600 kr.
- Að meðalkostnaður á bensíni er um það bil 20.000 kr. á mánuði.
- Hversu mikið hún getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði.

1. **Hvað tekur það hana marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?**
2. **Þarf hún að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu?**
   Ef svo er, hverju breytir hún?

Verkefni – sparnaðaráætlun

Nafn:

Aldur: 16 ára.

Skóli:

Markmið: _____

Engin laun

Kostnaður á mánuði:

- Skyndibiti og önnur afþreying

Stelpan ykkar er í 10. bekk, elskar tölvuleiki og hefur eytt miklum peningum í þá síðustu árin. Hún er mikill áhugamaður um myndlist og væri alveg til í námskeið sem kostar allt að 90.000 krá ári en þar sem hún er ekki í vinnu hefur hún ekki efni á því.

Flestir vinir hennar vinna eitthvað með skólanum en hún ákvað að gera það ekki og hefur 200.000 kr. sem eftir eru af sumarlaununum til að nota yfir vetrarmánuðina (9 mánuði). Hún er hins vegar alltaf blönk og getur leyft sér lítið og væri alveg til í að skoða einhverja vinnu sem gefur henni um 60 – 80.000 kr. á mánuði eftir skatt.

Hún hefur sett sér markmið sem hún vill byrja að safna fyrir.

Til að ná því þarf hún að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði þar til markmiðinu er náð.

Klippið út rammann hér til hliðar og límið á stóru örkina.

Ákveðið nafn á stelpuna ykkar og í hvaða skóla hún er.
Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hún vill safna.

Stillið upp sparnaðaráætlun á örkina sem hún getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Hafið eftirfarandi í huga:

- Upphæð sem hún þarf að safna fyrir til að ná markmiði sínu.
- Hvað hún eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Hvernig hún getur safnað upp sparnaði þegar hún er ekki í vinnu. Hvað getur hún gert?
- Hversu mikið hún getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði eða ár.
- Að ein strætóferð kostar 165 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 22.600 kr.

1. **Hvað tekur það hana marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?**
2. **Þarf hún að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu?**
   Ef svo er, hverju breytir hún?

Verkefni - sparnaðaráætlun

Nafn:

Aldur: 17 ára.

Skóli:

Atvinna:

Laun, eftir skatt:

Fastur kostnaður á mánuði:

- Trygging á bíl: 12.000 kr.
- Áskrift að Sjónvarpi Símans: 5.190 kr.

Markmið: _____

Strákurinn ykkar er í námi, er með algjöra bíladellu og finnst fátt skemmtilegra en að hjálpa frænda sínum á verkstæðinu við að gera upp gamla bíla. Hann var svo heppinn í fyrra að eignast gamlan ónothæfan bíl sem hann og frændi gerðu upp saman. Hann fer oft á rúntinn með kærustuna en finnst leiðinlegt hvað billinn eyðir miklu bensíni. Hann er með aðra dellu sem eru sjónvarpsseríur en hann elskar að slaka á með kærustunni og horfa á marga þætti í einu. Foreldrar hans vilja helst að hann eyði tímanum í eitthvað uppbyggilegra og láta hann greiða sjálfan fyrir auka áskrift.

Hann hefur sett sér markmið sem hann vill byrja að safna fyrir.

Til að ná því þarf hann að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði þar til markmiðinu er náð.

Klippið út rammann hér til hliðar og límið á stóru örkina.
Ákveðið nafn á strákinn ykkar, í hvaða skóla hann er og hvar hann vinnur.
Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hann vill safna.
Stillið upp sparnaðaráætlun á örkina sem hann getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hann þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hann á mikið eftir þegar hann hefur greitt fastan kostnað.
- Hvað hann eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Að meðalkostnaður á bensíni er 15 – 20.000 kr. á mánuði.
- Að ein strætóferð kostar 165 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 22.600 kr.
- Hversu mikið hann getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði þar til markmiðinu er náð.

1. **Hvað tekur það hann marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?**
2. **Þarf hann að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu?**
   Ef svo er, hverju breytir hann?

Markmið

Æfingaferð til Bandaríkjanna = 500.000 kr.	Kaupa fyrsta bílinn = 900.000 kr.
Kaupa íbúð eftir nokkur ár Þarf að eiga 6 milljónir til að geta byrjað.	Kaupa nýjan síma af bestu gerð = 190.000 kr.
Kaupa góða tölvu til að nota í skólanum = 230.000 kr.	Stofna lítið netfyrirtæki og láta hanna góða vefsíðu = 500.000 kr.
Fara í heimsreisu = 1.200.000 kr.	Kaupa nýtt rafmagnshjól af bestu gerð = 300.000 kr.
Safna fyrir Labrador hvolpi = 300.000 kr.	Safna fyrir „hoverboard“ svifbretti = 130.000 kr.

Óvæntar uppákomur

1. Nýja tölvan þín datt í gólfið og er ónýt. Sambærileg tölva kostar 200.000 krónur.	2. Þú varst að synda kafsund í innilauginni í Laugardalslaug og braust tvær framtennur. Kostnaður við viðgerð er 50.000 krónur.
3. Þú varst á glænýja bílnum þínum og sendir snapp undir stýri með þeim afleiðingum að þú keyrðir á bílinn fyrir framan þig og stuðarinn á þínum bíl beyglaðist. Þetta kostaði þig 300.000 kr.	4. Skjárinn á nýja símanum þínum brotnaði þegar hundurinn þinn hoppaði upp á þig þegar þú komst heim úr skólanum. Viðgerð á skjá kostar 30.000 krónur.
5. Þú leyfðir vini þínum að sækja vinkonu sína á bíl foreldra þinna. Á leiðinni rann bíllinn í hálkunni utan í vegg og rispaðist. Viðgerð kostar 400.000 krónur.	6. Vinur þinn fékk lánaða vespuna þína og endaði á því að klessa á ljósastaur. Viðgerð kostar 100.000 kr.
7. Hundurinn þinn sem þú keyptir dýru verði í fyrra er veikur. Þar sem þú hefur ekki tryggt hundinn þarft þú að greiða 150.000 kr. í lækniskostnað.	8. Nýlegu hjóli þínu var stolið fyrir utan skólann. Þú ferð allra þinna ferða á hjólinu og ert mjög svekkt/svekktur. Sambærilegt hjól kostar 180.000 kr.
9. Nýju úlpunni þinni, með gemsann í vasanum, var stolið í fatahenginu í íþróttahúsinu. Þú ert miður þín.	10.Þú gleymdir símanum í sætisvasanum í flugvélinni. Síminn fannst ekki.
11. Þú lánaðir félaga þínum 40.000 kr. Hann hefur ekki greitt þér til baka eins og til stóð og veit ekki hvernig eða hvenær hann getur það. Þú ert búinn að tapa peningunum.	12. Þú pantaðir 500 boli á netinu sem þú ætlar að selja hér heima. Til að geta það fékkst þú lán hjá eldri systur þinni upp á 100.000 kr. Bolirnir skiluðu sér ekki og þarft þú að greiða henni allt til baka.
13. Þú varst valinn starfsmaður mánaðarins og færð 50.000 krónur og gjafabréf út að borða fyrir tvo.	14. Barnlaus frændi þinn lést og þú erfðir gamalt frímerkjasafn og 60.000 krónur.

Umræðupunktar með uppákomum

1. Tölvan er tryggð í heimilistryggingu. Þú borgar eigin áhættu, um 20.000 kr. og færð restina bætta (viðgerð/ný tölva).	2. Heimilistrygging foreldranna bætir þetta. Munurinn er að ef þú slasar þig þá þarft þú venjulega ekki að greiða eigin áhættu, en ef þú skemmir eigur þínar, þá er eigin áhætta.
3. Skyldutryggingin þín sér um tjónið á hinum bílnum. Ef þú ert með Kaskótryggingu, þá færð þú tjónið á þínum bíl bætt, ef ekki, þá borgar þú það sjálfur. Eigin áhætta getur verið há eða um 100.000 kr. og þá færð þú restina bætta.	4. Tjón af völdum gæludýra er ekki í heimilistryggingu og er því ekki bætt.
5. Eigandi ökutækisins, foreldrar þínir, eru ábyrgir og þurfa greiða. 2. Ef hann er kaskótryggður þá er eiginábyrgð um 100.00 kr. og restin er tryggð. Ef ekki í kaskó, þá þurfa þeir að greiða allt.	6. Vespur eru ekki alltaf í heimilistryggingu og gæti verið gott að hafa tryggt vespuna sér.
7. Hundurinn er ekki í heimilistryggingu þar sem hann er ekki mannseskja. Heilræðið er að tryggja hundinn sérstaklega með gæludýratryggingu(um 20.000 kr. á ári).	8. Ef hjólið var ekki læst, þá fæst það ekki bætt. Ef það var vel læst, þá fellur það undir heimilistrygginguna. Hafa þarf í huga sjálfsábyrgð.
9. Ef þú ert í grunnskóla þá fellur þetta undir heimilistryggingu hjá foreldrum.	10. Ef þú gleymir eða týnir hlut þá færð þú það ekki bætt.